


Blokkflautan

Sögubrot.

Blokkflautan hefur verið þekkt hljóðfæri um aldir og er eitt af allra elstu blásturshljóðfærunum. Hún mun hafa verið þekkt í Egyptalandi um 2.500 f. Krist, en til Evrópu kom hún á 10. eða 11. öld. Flauturnar voru til í ýmsum stærðum, með þrem til átta götum og einnig tvöfaldar. Þessar flautur voru oft myndskreyttar eða fagurlega útskornar.



Renesans blokkflautur

Blómaskeið blokkflautunnar var á renesans- og barokktímanum (16. – 18. öld) og var hún þá smíðuð í 9 mismunandi stærðum. [Elsta blokkflautan sem varðveist hefur](#) er sópranflauta sem grafin var upp úr virkisdúki við [rústir Huis te Merwede](#) um 3 km austur af bænum [Dordrecht](#) í Hollandi, en kastalinn var frá 14. öld.



Carpoforo Tencala (1623-1695)
af: www.recorderhomepage.net

[Tónskáldin](#) gefa okkur innsýn í fyrri tíma með verkum sínum. Meðal þeirra sem sömdu verk fyrir blokkflautuna á [renesans-](#) og [barokktímanum](#) voru [H. Purcell](#), [R. Valentine](#) og [J. B. Loeillet de Gant](#). Um aldamótin 1700 var þverflautan orðin þekkt og sömdu tónskáld þess tíma jöfnum höndum verk fyrir blokkflautu og þverflautu. Þar má nefna t.d. [G. Ph. Telemann](#) og [G. F. Händel](#). [J.-B. Lully](#) og [C. Monteverdi](#) notuðu blokkflautur t.d. í óperur og [J. S. Bach](#) í oratóríur. Ótal önnur tónskáld sömdu blokkflaututónlist s.s. [J. van Eyck](#), [B. Marcello](#), [F. Barsanti](#), [G. Bononcini](#), [J. C. Pepusch](#), [J. C. Schickhardt](#) o.fl.

Á þeim tíma sem blokkflautan naut mestra vinsælda var hún ýmist notuð sem einleikshljóðfæri eða í fámennum stofuhljómsveitum. Þar naut mjúkur og veikur tónn hennar sín vel. Um miðja 18. öld fóru tónskáld að semja tónverk fyrir stærri hljómsveitir. Sú breyting kallaði á stærri hljómleikasali og raddsterkari hljóðfæri. Varð þetta til þess að þverflautan tók við hlutverki blokkflautunnar og um aldamótin 1800 má segja að blokkflautan hafi gleymst nær algerlega.


... og „Þyrnirós svaf eina öld“.

Í lok 19. aldar hefst saga blokkflautunnar að nýju með rannsóknum nokkurra áhugasamra manna á fortíð flautunnar. Mikilvægasta skrefið steig [Arnold Dolmetsch](#). Hann varð fyrstur til þess að hefja að nýju blokkflautusmíði og var fyrsta flautan smíðuð árið 1919. Frá þeim tíma hefur þekking aukist á tónlist renesans- og barokktímans og virðing vaxið gagnvart þessu forna hljóðfæri. Æ fleiri tónskáld semja nú tónlist fyrir blokkflautur og má nefna t.d. [H. M. Linde](#), [R. J. Autenrieth](#), [V. Fortin](#) og [Elínu Gunnlaugsdóttur](#). Að auki hefur úrval útsetninga fyrir blokkflautusamspil margfaldast á síðustu árum.

Margir [hljóðfærasmiðir](#) helga sig blokkflautusmíði, en auk þess eru þær [fjöldaframleiddar](#). Blokkflautan er í dag smíðuð með átta gripagötum. Hún er algengust í fjórum [stærðum](#): sópran (dýpsti tónn c´), alt (f´), tenór (c´) og bassi (f), en á myndinni hér til hliðar má líka sjá sópranínó (minnsta flautan á myndinni (f´´)) og c-bassa (stærsta flautan (c)).

Sífelld fleiri leggja fyrir sig blokkflautuleik og má finna ótal upptökur með bæði einleik og samleik á netinu.

Frekari upplýsingar má finna á ýmsum netslóðum. **Sjá nánar hér fyrir neðan.**



Aðalnámskrá tónlistarskóla

Í Tónlistarskóla Árneseinga er kennt samkvæmt [aðalnámskrá tónlistarskóla](#) sem skiptast í almennan hluta og greinanámskrár. Í almenna hlutanum er að finna upplýsingar sem eiga við öll hljóðfæri, en blokkflautan fellur undir tréblásturnámskrána (bls. 9 – 40).

Aðalnámskrá tónlistarskóla: [Almennur hluti](#): „Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skiptist í almennan hluta og sérstaka greinahluta. Í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er meðal annars gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám og skólanámskrá, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðanámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólasterfi.“

Aðalnámskrá tónlistarskóla: [Tréblásturshljóðfæri](#): „Í greinahlutum aðalnámskrár tónlistarskóla er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir prófum og gefnar ábendingar um viðfangsefni.“

Úr blokkflautunámskrá (bls. 9 – 40 í tréblásturnámskrá): „Nokkur atriði varðandi nám á blokkflautu. Algengustu meðlimir blokkflautufjölskyldunnar eru sópranínó-, sópran-, alt-, tenór- og bassablokkflautur. Talsvert er til af kennsluefni og tónlist fyrir sópranblokkflautu en megnið af tónbókmenntum blokkflautunnar er fyrir altblokkflautu og því nauðsynlegt að nemendur hafi hana sem aðalhljóðfæri þegar á líður í náminu. Mikilvægt er að nemendur kynnist öðrum blokkflautum eftir því sem aðstæður og líkamsþroski leyfir.

Algengt er að nemendur hefji nám á sópran-blokkflautu 6–7 ára gamlir, en 8–9 ára börn eru yfirleitt nógu stór til að hefja alt-blokkflautunám. Í upphafi blokkflautunáms kemur til greina að ungir nemendur stundi nám á sópranínó-blokkflautu og skipti síðan yfir á stærra hljóðfæri með auknum líkamsþroska.

Mikilvægt er að vanda val á hljóðfærum og grundvallaratriði er að nemendur stundi nám á blokkflautur með barokkgripum, allt frá upphafi námsins.“

- - -

Nokkrar slóðir á heimasíður tengdar blokkflautum:

[Recorder Home Page](#). Blokkflautu-heimasíða með upplýsingum um [sögu flautunnar](#), [framleiðendur](#), [blokkflautusmiði](#), [nótur](#), nótnabókaútgáfur o.fl.

[Grove Music Online - recorder](#) og [The Oxford Companion to Music - recorder](#).

Á þessum slóðum er að finna upplýsingar um blokkflautur, sögu, tækni, nótur o.fl.

[Musical Instruments in Vermeer's Paintings: The Recorder](#) Fjölpættar upplýsingar um blokkflautuna í myndlist, sögu hennar og slóðir á frekari fróðleik.

- Hér fyrir neðan má finna nokkra blokkflautuframleiðendur og -sölur, en upplýsingar um [blokkflautusmiði](#) sem sérsníða blokkflautur og fleira má finna á [Recorder Home Page](#).

[MOECK blokkflautur og nótnaútgáfa](#) (tré)

[Yamaha blokkflautur](#) (plast)

[Aulos blokkflautur](#) (plast)

[Mollenhauer flautur](#) (tré)

[Kueng blokkflautur](#) (tré)

[The Early Music Shop](#) (ýmsar)

[Tónastöðin](#), Skipholtí 50d, Reykjavík (ýmsar)

[Hljóðfærahusið - Tónabúðin](#), Síðumúla 20, Reykjavík (ýmsar)

Nokkrar slóðir á ólík blökkflautuverkefni (einleikur og samspil):

[The Royal Wind Music: John Dowland](#)

[Fontanella Recorder Quintet: Jazz](#)

[Fontanella Recorder Quintett: Greensleeves to a Ground](#)

[Consortium5: Renesanstónlist](#)

[SIRENA: Mancini: The Pink Panther](#)

[SIRENA: Petrone](#)

[QNG Quartet New Generation: Wicked](#)

[QNG: Quartet New Generation & Guttman: Moritz Egger: "Freaks"](#)

[PerKelt - "Pilgrim"](#)

[Susanne Knoch: Telemann sónata í C-dúr](#)

[Susanne Knoch: Sammartini: Konsert í F-dúr f. blökkfl., strengi og Bc](#)

[Charlotte Barbour: Castello: Sonata Seconda](#)

[Charlotte Barbour: Vivaldi: Concerto](#)

[Lucie Horsch: Verk e. Dario Castello, Isang Yun, C.P.E. Bach](#)

[Lucie Horsch: Verk e. van Eyck og L. Andriessen](#)

[Michala Petri: Bach](#)

[Michala Petri: Vivaldi](#)

[Erik Bosgraaf - Bach: Concertos for Recorder](#)

[Erik Bosgraaf & laptop artist Jorrit Tamminga](#)

[Ellen Peters: van Eyck: Boffons](#)

[Anna Fusek: Vivaldi: Concerto for flautino](#)

[Mu-Chien Chen: Czardas](#)

[Marco Scorticati: Sammartini: Konstert fyrir flautu](#)

[Verbruggen: G. F. Händel: Complete Sonatas for Recorder](#)

[Dan Laurin: Vivaldi: La primavera](#)